

Heimskringla.

VI. ar. Nr. 8.

Winnipeg, Man., Canada, 17. Februar 1892.

Tölubt. 271.

C. W. GIRDLESTONE, FIRE AND MARINE INSURANCE STOFNSETT 1779.

Guardian of England, Höfuðstóll.....\$37,000,000
City of London, London, Eng., Höfuðstóll.....\$10,000,000
North-west Fire Insurance Co., Höfuðstóll.....\$ 500,000
Insurance Co. of N. Amer., Philadelphia, U.S. \$ 8,700,000

ADAL-UMBOD FYRIR MANITOBA, NORTH-WEST TERRITORY OG BRITISH COLUMBIA.

SKRIFSTOFA 375 OG 377 MAIN STREET, - - - WINNIPEG.

FRJETTIR.

UTLÖND.

Ofan & hungurneyðina í norðaustur hjerðum Rússlands, bætist óvanalegt grimmdar veður, segja fregnir þaðan. Í Þengja hjerðinu er kulddinn svo mikill að fuglar hafa döttið til jarðar dauðir, en fólk liggur frosið til dauða meðfram brautum. Hungurneyðin er þar svo mikill að flestum hrossum hefur verið slátr af gjafafje, sem borist hefur til höfuðstada hjerðsins verður, sakir hestaleyfis, ekki flutt fyrir en seint og síðar meir út um byggðirnar. Í þeim bæ og umhverfis hann, eru 18,000 manns, sem eingöngu lifa af gjafafje. Auk hungurneyðarinnar geymsar þar taugaveiki og aðrir mannskæðir sjúkdómar er svipta fólk lík í hrönum.

Stjórnaðarskipting liggur við borð í Gríkklandi. George konungur hefur fengið áskoranir um að fara að eins og Angers í Quebec—reka ráðherra úr embætti og upplýsa þingið. Stáfar það af seinlæti ráðherranna að útvega lausn fyrir ríkið, eins og þeim var falið á hendur, og er fjármálaráðherraum borið á brýn, að hann geri það til að hjálpa frænda sínum að speculera á peningamarkaðinum upp á kostnað ríkisins.

Fjórir anarkistar voru teknir af lífi í Madrid og Spáni hinn 10. p. m., og þótti aðferðin svo hroðaleg, að næri lá almennum upphlaupi á eftir. Aðferðin, sem viðhöfð er á Spáni, er sú, að stálakræi er spennur um háls mannsins, en aptan á honum er skrúfa sem undir er áfram til þess hún gengur gegnum mænuna, og brýtur þá krögnin manni úr hálsliði.

Stór þing Breta var sett hinn 9. p. m. Í ávarpinu var getið um dauða hertogans af Clarence og Avondale stjórnaðaskiptin í Egyptalandi og vænlegt útlit þar, og um samkomulag við Bandaríkin um meðhöndlun Behringssunds þrætunar. Þá, var og skýrt frá því, er allir vissu áður, að stjórnmundi leggja fyrir þingið frumvarp til laga um stofnun hjerðs eða sveitarstjórna á Íslandi í líku formi og nú setti sjer stað á Egiptandi, og annað frumvarp um að auka og eila almenna uppræðslu á Íslandi.

Írsku flokkarnir á þingi eru, og hafa verið um hálfmánaðartíma, að preyta við að gleyma fornum fjáðskap, þar sem Parnell er nú ekki lengur til að jagast um, og sameina sig undir eins manns stjórna. Það sem einkum stendur fyrir er, að finna þann leiðtoga, er báðir flokkar vilja fylgja. Parnell lítur segja ómögulegt að vinna með McCarthy íttum og meðan Tim Healy er þar framfarlega í fylkingu, því hans orðum og gerðum geti þeir ekki gleymt. Healy hefur nú kunngert að hann sje fús til að ganga úr leið, jafnvel að öllu leyti, ef þá geti gengið sagan.

Skipstjórnir af Suður-Afríku aldinum var seldur í London í vikunni er leið. Er það í fyrsta skipti í sögunni að þar hafa fengið ný aldini á þessum tíma árs, enda var handagangur í Óskjannir. Þar seldist t. d. tylft af peaches á \$20! Er nú vænt eftir einum skipstjórnir og færur öðrum frá Góðarvonarhöfða. er fyrsta tilraunin tókst svona vel.

Vilhjálmur Dýskalands keisari bjó sjer til marga fjendur nú nýlega. Hattstandandi maður, Lamborg Sturum greið, ritaði grein í blað aðvíga fyrirhuguðum verzlunar samningum stjórnaðinnar. Fyrir þetta tiltæki svipti Vilhjálmur hann embættinu, heidurslitum öllum og eptirlaunum um.

Bandaríkin.

Vatnsvega bátur. Sú nefnd þjóðþings er meðhöndlar þessi mál, lagði álit sitt því máli viðvíkjandi fyrir þingið 8. p. m., og fjekk það góðar undirtektir í neðri deildinni. En nefndaráðitið var í þá átt, að þingið bjóði forseta að semja við Canada-stjórna um bráða aðgerð á Welland-skurðinum og skurðnum meðfram Lawrence-fljóti svo að vatnsdýpið í þeim verði jafnmikið og í þeim skurðum og í þeim stöðum, sem Bandaríkjastjórna hefur gert umbætur, og setlar að gera, á stöðvötnum innan sinna landamæra. Álitit sýnir fram á, að það setti að vera áhugamál beggja stjórna, að vinna í einingu að því, að "Lawrence-leiðin" frá stöðvötnum til sjávar, sje gerð svo greidd og röð, að hæfist skip geti farið þar um með farm sinn fram og aftur. Sýnir fram á að engin stöðun sje fyrir því, að tiltækið sje að mynda stórskipaleið frá stöðvötnum, eptir Erie skurði og Hudson-fljóti, til New York, og þó svo væri, þá væri kostnaðurinn næri ókleifur og verkið staði yfir mörg ár, en að "Lawrence-leiðin" frá stöðvötnum til Montreal, sje hinn náttúrulegi, verzlunarfærvegur fyrir allan miðhlut landsins, og þar sem Canada-stjórna hafi nú þegar gert svo stórmiklar umbætur á þeirri leið, þá óheimtist ekki nema "tiltölulega litil fjárupphæð til að fullgæra verkið. Nefndin sýnir fram á, að nú gefist og ágætt tækifæri að tala um þetta, þar sem sendimenn Canada-stjórna sjeu í Washington, til að semja um nánari verzlunarsamning. Þetta mál fær góðar undirtektir næri allstaðar.

Fyrir rúmri viku auglýsti Blaine utanríkisstjóri, að hann, væri ekki á boðstólum til að sækja um forsetaembættið í haust er kemur. Þessi fregn var rothögg fyrir vonir alla fjöldans í repúblika flokkinum. Teiða nú sumir demókrötum vísann sigurinn, en aðrir segja að Blaine muni fást eptir sem áður. ef repúblika-stefnan í Minneapolis í vor kemur sjer saman um að kjósa hann og engan annan. Þáir virðast hafa trú á því, að Harrison verði endurkosinn.

Fregn frá Washington dags. 13. p. m., segir litlar líkur til að saman gangi með sendimönnum Canada-stjórna og ráðherra Bandaríka, á hnerandi rýmri verzlunarsamninga. Segir fregn þessi, að þingmenn, allir flestir, liti þannig á málið, að vilji Canadamenn hafa hag af verzlunaraði Bandaríka, þá skuli þeir ganga í ríkjasambandið, því eins og stáði hafi Canada ekki nóg að bjóða.

Í Washington er talað að John Wanamaker, póstmálastjóri, sje um það að segja af sjer, og að hann eigi að fara til Parísar og taka við embætti Whitelaw Reids, en að James S. Clarkson verði póstmálastjóri í stað Wanamakers.

Þnaðarsýningarskalanum stóra í Minneapolis, á að umhverfa í fundarsali, er taki 11—12,000 manns, fyrir repúblika-fundinn í vor. Formenn repúblika sendu byggingafræðinginn nafokunna, David Adler í Chicago, upp þangað nýlega til að skoða fundarsalin og lit honum svo á að hann verði sá besti er repúblikar hafa nokkurn tíma haft.

Skattur Great Northern-fjelagsins í Minnesota nam \$145,487,80 á síðastli. ári.

Ritstjórtafjelagið í Minnesota hafði 26. ársfund sinn í St. Paul í vikunni er leið.

Í Minnesota voru gefin út 2,488 borgarabréf á síðastli. ári.

CANADA.

Fregnt frá Ottawa segja að á skóla-lands uppboðs þingnum, sem staðið hafa yfir á ýmsum stöðum í Manitoba um síðastli. mánaðartíma, hafi verið seldar 53,028 akrur af skóla-landi fyrir \$421,486, eða \$7,95 fyrir hverja akru að meðaltali. Hæsta meðal verðið fjekkt á uppboðinu í Glenboro, en það var \$9,32 fyrir akruna. Fregnin segir að einungis báendur hafi keypt landið.

Ný-útkomnar skýrslur segja viðskipta upphæð Canada við útlönd á síðastli. ári, samtals \$218,384,934—að heita má sama upphæðin og í fyrra. Verðhæð útlutta varningins var \$98,417,296—rúmlega \$14 milj. meira en í fyrra, og verðhæð aðflutta varningins \$119,968,638—rúmlega \$14 milj. minna en í fyrra. Skýrslan sýnir að meðalhæð tollsins á aðflutta varningnum var \$20,06 á \$100,00 virði—í fyrra var meðal-hæðin \$21,21, og í hittedfyrra \$21,65 á \$100,00 virði.

Ontario-fylkisþingið var sett 11. p. m.

Nýlätinn er í Ottawa James McLaren, forseti Ottawa bankans, 74 ára gamall. Hann lætur eptir sig eiginri \$5—6 milj. virði, er skiptast milli 7 barna, og kemur góður skerfur af þeim til Winnipeg, þar önnur dóttir McLaren er gift F. W. Alloway.

Sendimenn Canadastjórna, Thompson, Foster og Bowell, til Washington, sem áttu að semja við Blaine og hans fjelaga um nánari verzlunarsamninga, komu heim aftur til Ottawa 16. p. m. Þegar þetta var ritað hefur ekki heyrst um erindislokinn.

Hveitjuppskeran í Manitoba síðastli. ár var 23,191,599 bush.; verður það til jafnaðar rúm 25 bush. af ekrunni. Háfar 14,762,605; til jafnaðar 48 bush. af ekrum hverri. Grjón, 3,197,876, rúmlega 35 bush. af ekrunni.—Aðfangur af þessum premur tegundum til útlutnings um 20,000,000 bush. alls.

FRJETTA-KAFLAR ÚR BYGGÐUM ÍSLENDINGA.

NÝJA ÍSLANDI, 8. febr. 1890.

Föstudaginn 5. p. m. var haldinn sveitarráðsfundur að Engimýri við Íslandsgat, er það ekki sjerstaklega sögulegt, að öðru leyti en því, að þar hefur ekki verið haldin neinn safnaðarráðsfundur í næsti. 2 ár.

Fundurinn stóð 2 daga; á laugardaginn frestaði sveitarráðið fundinum frá kl. 12 á hádegis til kl. 7 e. m.; til þess að gefa mönnum tækifæri til að koma saman á almennan fund að hafa umræður um almenn mál efni sjerstaklega bráarbygginguna yfir fljótið.—Bráargerð sú er þannig til orðin, að eptir beidni sveitarráðsins, með ályktun og þriggja manns sendinefnd í febrúar fyrra ár til fylkisstjórnarinnar um fjárstyrk til þjóðveggarins, þá veitti fylkisstjórnin \$3000 til umbóta á

aðalvegi nýlendunnar, og sendi Mr. McDonnell í ágústmá. næsti. sumar, að gera ráðstöfun á framkvæmdum á verklegu, skyldi hann leita ráða sveitarráðsins um úthlutun fjárs í hinum ýmsu þörum nýlendunnar og var því haldinn aukasveitarráðsfundur um það 5. ágúst. Á þeim fundi mætti hr. Thore Thorarinnson frá Íslandsgat fljóti sem sendimaður fljótsbúa, að bjóða sveitarráðið að mæla með, að \$2000 af vegapeningum væru veittir til bráarbyggingar yfir fljótið, þar Mr. McDonnell hefði gefið þeim von um, að þá mundi fylkisstjórnin veita þess utan \$200 til bráarbyggingarinnar; í allt \$400. Áætlan Mr. McDonnells um kostnað brúarinnar var \$500; skyldu fljótsbúar sjálfir leggja til það er brúin kostaði þar fram yfir.

Þessu var sleið föstu, en seinna sannaðist, að brúin mundi kosta meira, enda ákveðið að hafa hana á öðrum stað en fyrst var talað um, Lofaði þá Mr. McDonnell að mæla með, að stjórni veitti \$300, en ádr að eins \$200.

Svo var hr. J. Júlíus settur af stjórni umsjónarmaður yfir vegabótum í Nýja Íslandi; fjell flestum mjög vel starfsemi hr. Júlíusar, en þó fundu ýmsir ástæðu til að vera á móti honum, enda þótt þeir vissu opt ekki fyrir hvað þeir settu að vera á móti honum; það væri bara nauðsynlegt að setja út á, og vekja óánægju almennings, þegar hann gæti það ekki sjálfur.—Svo var vegagerðinni lokið, að hr. J. Júlíus fekk hvervetna þökk og hefur fyrir frammistöðu sína, hjá almenningi, undirverkstjórn sínum, sveitarráðinu og yfirmanni sínum, Mr. McDonnell, sem svo setti hr. J. Júlíus yfir bráarbygginguna yfir fljótið.

Nú stendur bráarbyggingin þannig: að báðir er að byggja aðal-brúna frá austurlöndinu—skammt fyrir norðan hið nýja og vandaða skóla-hús, Lundi-skóla-hjerads, sem áður hefur verið lýst í blöðunum—og yfir aðal-fljótsins, en að vestanverðu tekur við all-breytt áyk, sem annað tveggja verður að brúa í sama stíl að meginlandi, eða fylla upp með trjáum og mold, en fjárveitingin er uppunin.

Brúin er hið vandaðasta að öllum frágangi, bæði traust, að því sem sjeð verður, en sjerstaklega smekklega gjörð, sem vel á við, þar sem á annan veg hennar (austan) liggur bæjarstaðið Lundi, með kirkjuhösi og skólahúsi, en hinumegin á aðra hönd höfuðbólið Grund, þar sem hr. J. Briem býr, en á hina eina Möðruvellir, eign hr. S. Jónassens í Winnipeg. Bæði þessi býli eru mjög vel hyst og annars liggur brúin í hjarta byggðarinnar og á allar hliðir er elztu og bestu báendur byggðarinnar.

En nú vantaði \$200—300 til að ljúka við brúna, og hvað skyldi þá til bragðs taka, var aðalefni þess almenna fundar, er jeg gat um í byrjun.

Almenningur þar við fljótið hefur enn sem komið er ekkert lagt til þess fyrirtækis, en fáir einstakir menn all-mikið. Hr. G. Oddleifsson, meðráðamaður þeirrar deildar (Ward) stóð upp kl. 1½ e. m. og bað menn kjósa fundarstjóra og skrifara; kosning hlutu: forseti hr. J. Briem, skrifari Th. Jónsson. Á fundinum mættu milli 30 og 40 manns.

Fyrstur talaði hr. J. Júlíus og skýrði málið. Næst: honum stóð upp hr. Th. Thorarinnson; var tala hans mest harmagrátur yfir því, hve lititíllit hr. J. Júlíus hefði tekið til sín; siglt sinn eigin sjó, en algerlega gengið fram hjá ræðumanni, kvæðst mundi hafa getað styrkt fyrirtækið betur en hann hefði gert. (nefnil. ekkert), ef ekki hefði verið hráparlega gengið fram hjá almenningi, fram hjá sjer. Þar næst stóð upp hr. G. Eyólfsson; ávitaði hann Mr. McDonnell fyrir að breyta bráarstaðinu, og kvæð hann skyldann til að borga það sem brúin væri dýrari fyrir það, eða stjórni fyrir hans hönd. Talaði líkast því sem

Juneper Dick mundi hafa talað, ef hann hefði verið þar á fundinum og haft þrek til að koma fram í persónu gerfi.

Ræður J. Pjeturssonar, fráfarandi meðráðamanns þeirrar deildar, St. O. Eiríkssonar, meðráðamanns deildarinnar nr. 1, og G. Thorsteinsonar sveitarskrifara, lutu allar því, að fyrirtækið væri sveitar- og plássómi, væri vert að styrkja það, en fljótsbyggðarmenn settu að styrkja það að mun jafnframt. Hr. A. Skogfield talaði í líku átt. Hr. St. B. Johnson fylgdi G. Eyólfssyni að málum, að ávita breytinguna á brúarstaðinu, ávæla hr. J. Júlíus, en að endingu komst hann upp á milli þeirra fjelaga Th. og G. Eyólfssonar, svo að annarhvor varð að vera ósannindamaður og leit þó út fyrir að hann vildi fylgja báðum. Herra G. Thorsteinnson skaut því til forseta, að bera undir atkv., hve mikil væri óánægjan með frammistöðu hr. J. Júlíusar í brúarmálinu, þar sem einn maður hefði gert svo mikið úr því, að almenningur væri óánægður með hr. J. Júlíus enda þótt hefði það ekki komið almennt fram á fundinum.

Fundurinn samþykkti því nær í einu hljóði, að hann væri óánægður með ráðsmennsku hr. Jóns Júlíusar; einn maður greiddi óánægju-atkv., Thordvaldur Thorsteinnson, og 3 eða 4 greiddu ekki atkv.

Eftir uppástungu frá hr. H. Tomassyni, meðráðamanni Mikleýjar, studdri af hr. J. Júlíusi, var kosin 7 manna nefnd í málið; að eins einn greiddi atkv. móti, þannig, að hann rjetti upp fötinn (Th. Th.).

Einnig samþykkt af fundinum, að bjóða sveitarráðið, ef það sje sjerfært að veita fjestyrt til þess fyrirtækis, allt að \$100.

Oddviti sveitarráðsins bar undir fundinum, hvort hann væri með því, að sveitarráðið keypti "piledriver" þann, sem notaður hefur verið að reka niður stólpana í brúnni; samþykkt með meirihluta atkv. Þeir herrar G. Eyólfsson og St. B. J. á móti.—Fundi slitið kl. 6 e. m. Dótti fundur sje einn með þeim betri af því tægi.

Á sveitarráðsfundinum um kvöldið mætti formaður nefndarinnar í brúarmálinu, hr. J. Briem, ásamt fleiri nefndarmönnum; sótt um \$100 styrk frá sveitinni gegn því að byggðarbúar legðu annað eins fram stungið; var það samþykkt af sveitarráðinu.

Einnig samþykkt að kaupa "pile-driver" fyrir \$75; skipaðir ýmsir embættismenn, verðlaunum heitið fyrir fládráp 75 cents fyrir hvern; samþykktir reikningarnir eins og þeir komu frá yfirskoðunarmönnum; ýmsir reikningar borgaðir o. s. frv.

KAFLI ÚR BRJEFÍ ÚR
NÝJA ÍSLANDI, 1. febr. 1892.

..Það er fátt til frjetta, nema indæla tíð frá 20. janúar til þessa; aldrei herra frost en 12 stig f. n. "Zero" og stundum nærri frostlaust. Aistáðar heitbrygt, nema kvæð hefur stungið sjer niður tunga og þangað. Hjer í mínu húsi andaðist mágur minn 24. janúar, af elli-áhrifum, Eymundur Jónsson, fæddur 1819 af Kumlavík á Langanesi. Jeg hef huga að senda blöðunum sjaðgrip hans þegar jeg hef tækifæri, því hann var þess verður.—Hjer stendur margt til, en ekki nema í orði, bæði um trúarbragðahreifingar og fleira, en jeg get ekki en báði til úr því sanna og merkilega sögu.

Því öll kurl eru enn ekki komin til grafar. Með tímanum vona jeg, þó að sagan geti orðið vel framþærlæg fyrir lærða og leikmenn í höfuðstað fylkisins.

Eftir því sem sjer Magnús er hjer tengur, eptir því verður hann vinsælli. Hann er fyrst afbragðs kennimaður og sjeð skýldurakinn og háttpráður til orða og verka, að jeg hef engand prest þekkt hans líka, nema prófastinn sjer Gunnar Gunnarsson, bróður Tryggva kaupstjóra.

Menn eru hjer almennt að verða ánægðari og rólegri, síðan vegabæturnar byrjuðu. Það er eins og þær hafi komið klafanum af burtfararhug manna, fremur en óánægja í bændum með blöðin.

Gunnar Gíslason.

MINNEOTA, MINN., 7. feb. 1891.
(Frá frjettaritara Hkr.)

Tíðarfar: Dreim dögum fyrir jólsnerist veðurátt til norðurs, fanukoma var litil, en frost opt all hörd. 17. f. m. fjellu kuldameilarar allt niður í 37 gr. Eptir það fór frostum aptur að linnu; 23. s. m. var þýðvindr og sólráð, og síðan hefur veðurátt verið austan og sunnanstæð. Í morgun var hrím-þoka, en nú, kl. 11 f. m., er sólskin og heidrikur himinn.

Verzlun: 31. f. m. luku stjórnaefndarmenn Verzlunarfjelags Íslandinga, við úrvörðing í báð fjel. og varð útfall virðingarrannþannig: að \$8,000 virði af verum væri í báðinni; útsala yfir árið rúmar \$30,000.—Höfuðstóll (hlutab.) fjel. eru nú \$7,000.—Ársfundur fjelagsins verður haldinn í byrjun marmánaðar. Utliur fyrir að nautavezlan verði með mesta móti á næsta vori. T.

D. Seals kaupmaður hjer í Minneota, kveðst þurfa til markaðar 300 nauta, og þess utan eru ýmsir aðrir úti, s. s. Bjarni Jónsson og Marshall-menn. Minneota er í uppgangi! Fyrir faum dögum síðan, keypti G. S. Sigurðsson verzlunarbúð og lóð, á Madison Street, af Olafi Rye. Einnig hefur G. S. S. keypt tvær lóðir á horninu við Jefferson og 2th. Sts. Bjarni Jónsson hefur einnig keypt lóð á Jefferson Street. Loftur Jónasson hefur og svo keypt tvær lóðir á Munroe Street. Ýmsir fleiri hafa þar í seinni tíð fest sjer lóðir. Snorri Högnason er landsölumáður hjer í Minneota; síðastli. mánaðag seldi hann 8 huslóðir. Síðastli. þriðjudag keyptu þeir Dalmann & Stephenson næsta bygggingu fyrir austan báð þeirra. Flestir af þeim er keypt hafa lóðir, setla að byggja á næsta sumri—nú þegar er einn byrjaður að byggja verzlunarbúð á Jefferson St.

Hjer kaupna nú 18 blaðið "Öldina." 20. p. m. hefur sjer N. S. Þorláksson tilsett sem kirkjufundarfundar. Þá eiga allir fulltrúar úr söfnuðum hans að mæta í Minneota; einnig hefur hann óskað, að safnaðarlimir yfir það heila tekið, fjölmennu til fundarins; fundarmál um: Stjórnaform safnaðanna; Háskólamálið.

Hversu safnaðarlimum beri að snúa við blöðunum (í Winnipeg), þar næst ýms önnur smærri mál. Afleiðing þessa góða árs er sú, að land hefur stigið í verði, meir en nokkru sinn áður; yrkt land er nú frá \$16—25, en óyrkt \$11—15 hver eakra, og litur út fyrir áframhald stigandi verðs.

Framfarir: Í vetur hefur Þorvaldur B. Gíslason kennt verzlunarfærð þessum er hjer segir: Systkinunum sínum þessum, Ingibjörgu, Halldóri, og Bjarna, einnig, S. M. S. Askdal.—Veturinn 1889 nam D. B. G. verzlunarfærð og verzlunarfærðisskóla í Minneapolis, Minn.

Heilufar: Í vetur fremur kvilla samt. La Grippe er hjer enn að grassera.

DR. PRICE'S
Cream Baking
Powder.

Brúkað af milljónum manna. 40 ára á markaðinum.